

Þvi dæmist rétt vera:

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Helgi Benediktsson, greiði stefndu, Gunnari Ólafssyni, Þorsteini Johnson og Jóni Ólafssyni, f. h. h/f Dráttarbraut Vestmannaeyja, 300 kr. í málskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. júní 1931.

Nr. 25/1931. **Valdstjórnin** (Lárus Jóhannesson).

gegn

Camillusi Bjarnasyni

(Lárus Fjeldsted).

Bifreiðalagabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 6. febr. 1931: Kærður, Camillus Bjarnason, sæti 25 króna sekt til ríkissjóðs og komi einfalt fangelsi í 2 daga í stað sektarinnar, sé hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hann greiði ennfremur Gunnari Jónssyni, eftir mati dómkvaddra manna, bætur fyrir tjón það, er varð á bifreiðinni Á.R. 50 umrætt skipti.

Loks greiði hann allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Svo sem nánar er sagt í hinum áfrýjaða lögregluréttardómi, hefir kærði kannazt við, að hafa rekizt á bifreiðina Á.R. 50 hinn 8. sept. f. á., og verður að telja, að kærði hafi ekki sýnt nægilega varkárni, er hann ók fram hjá nefndri bifreið.

Með þessu hefir hann gerzt brotlegur gegn 7. gr. laga nr. 56, 15. júní 1926, um notkun bifreiða og með tilliti til þess, að kærði nam ekki staðar og skýrði eigi frá nafni sínu og heimili svo sem fyrir er mælt í 9. gr. sömu laga, ákveðst refsing hans 50 kr. sekt, er renni í ríkissjóð, og komi í stað sektarinnar 5 daga einfalt fangelsi, ef hún verður eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Í máli þessu eru engar upplýsingar um skemmdir þær, er urðu á bifreiðinni Á. R. 50, aðrar enn þær, að bilstjórinn, Gunnar Jónsson, hefir skýrt frá því fyrir lögregluréttinum, að framaurbretti, gúmmí og fl. hafi eyðilagzt við áreksturinn, þar á móti liggur ekki fyrir mat á skemmdunum eða neinar upplýsingar um það, hvað viðgerð á þeim hafi kostað, og þykir því ekki heimid til að dæma kærða til greiðslu skaðabóta í þessu máli.

Kærða ber að greiða allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, er ákveðast 40 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Camillus Bjarnason, sæti 50 kr. sekt til ríkissjóðs og komi 5 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 daga frá birtingu dóms þessa.

Svo ber kærða og að greiða allan kostnað málsins, bæði í héraði og hæstarétti, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda í hæstarétti, málflutningsmannanna Lárusar

Jóhannessonar og Lárusar Fjaldsted, 40 kr. til hvors.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Camillusi Bjarnasyni, bifreiðarstjóra, til heimilis á Vesturgötu 17 hér í bænum, fyrir brot gegn ákvæðum bifreiðarlaganna nr. 56, 1926, og skulu nú greindir málavextir.

Hinn 8. september síðastliðinn fekk kærður lánaða bifreiðina R. E. 268 og hafði hann heimild eiganda bílsins til þess að aka hvert hann vildi. Ók hann síðan austur þjóðveginn og var ferðinni heitið austur í Grafning.

Er kærður kom í Svinahraun, kom bifreiðin Á. R. 50 á móti honum, og stýrði henni Gunnar Jónsson að Gerði við Skerjafjörð. Er Gunnar sá til ferða R. E. 268 nam hann staðar, eða því sem næst meðan hann færi fram hjá. Ók kærður síðan fram hjá en tókst svo illa til, að bílarnir rákust saman, og skemmdist bifreið Gunnars Á. R. 50 talsvert. Hefir ekki verið gert við bilinn ennþá, og er hann enn í sama ásigkomulagi og hann var eftir áreksturinn. Hefir Gunnar gert þá kröfu, að kærður verði dæmdur til að greiða sér bætur fyrir umrætt tjón eftir mati dómkvaddra manna.

Af framangreindu virðist upplýst, að kærður hafi gerzt brotlegur gegn 7. grein laga nr. 56, og þykir refsing sú, er hann hefir unnið til, hæfilega ákveðin 25 króna sekt, er renni í rikissjóð og komi einfalt fangelsi í 2 daga í stað sektarinnar sé hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Ennfremur verður að gera kærðum að greiða Gunnari Jónssyni eftir mati dómkvaddra manna bætur fyrir tjón það, er hann beið á bifreiðinni Á. R. 50, umrætt skifti.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir orðið nokkur dráttur vegna sáttaumleitana aðilja um skaðabótakröfuna.
